

AUGLÝSING

um starfsreglur um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

1. gr.

e-liður 11. gr. orðist svo:

skyldu til hagsmunagæslu vegna prestsseturs og samstarfs við þá er stýra málefnum prestssetra, ef prestur nýtur prestsseturs.

2. gr.

15. gr. orðist svo:

Valnefnd velur sóknarprest og prest. Hún skal skipuð viðkomandi prófasti, sem jafnframt er formaður nefndarinnar og níu fulltrúum prestakalls. Valnefnd er heimilt að kalla til ritara. Fulltrúar prestakalls og jafnmargir varamenn þeirra eru valdir til setu í valnefnd til fjögurra ára á sóknarnefndarfundi eða á sameiginlegum fundi sóknarnefnda í prestaköllum þar sem sóknir eru fleiri en ein. Prófastur boðar til þess fundar. Það val skal fara fram að loknum fyrstu sóknarnefndarkosningum eftir gildistöku þessara reglna. Sé ein sókna prestakallsins fjölmennari en hinar samanlagt skulu varamenn hennar einnig taka þátt í vali fulltrúanna. Þar sem sóknir eru fleiri en ein í prestakalli skal taka mið af fjölda sókna og fjölda sóknarbarna einstakra sókna við val fulltrúa.

3. gr.

16. gr. orðist svo:

Biskup felur prófasti að boða valnefnd til fundar innan tilskilins frests.

Fundir valnefndar eru lokaðir. Á fyrsta fundi skulu umsóknir ásamt fylgigögnum skv. 4. ml. 17. gr. liggja frammi til athugunar. Þeim presti sem áfram þjónar í prestakallinu skal boðið að tjá sig um umsækjendur við valnefndina sé hann sjálfur ekki einn umsækjendanna.

4. gr.

17. gr. orðist svo:

Við mat á hæfni umsækjenda skal valnefnd m.a. líta til menntunar þeirra, starfsaldurs, starfsreynslu og starfsferils, svo og hæfni til samskipta. Sé áskilin sérstök þekking eða reynsla í auglýsingu um laust embætti eða það er að öðru leyti mjög sérhæft, skal meta umsækjendur eftir því hvernig þeir uppfylla þau sérstöku skilyrði. Við val samkvæmt ofanskráðu skal gæta ákvæða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Valnefnd ákveður hverjir umsækjenda eru boðaðir í viðtal og aflar þeirra gagna og upplýsinga sem hún telur að öðru leyti þörf. Umsækjandi, sem ekki er boðaður í viðtal, getur óskað rökstuðnings valnefndarinnar fyrir þeirri ákvörðun. Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er.

5. gr.

18. gr. orðist svo:

Valnefnd skal ná samstöðu um einn umsækjanda og rökstyðja niðurstöðu sína. Niðurstaða valnefndar telst bindandi ef tveir þriðju nefndarmanna ná samstöðu um hana. Náist ekki samstaða skal embættið auglýst að nýju innan árs.

Biskup skal setja leiðbeinandi reglur fyrir valnefndina og umsækjendur.

6. gr.

19. gr. orðist svo:

Formaður valnefndar sendir biskupi þegar í stað niðurstöðu valnefndar.

Biskup skipar þann umsækjanda í embætti sem valnefnd hefur náð samstöðu um.

7. gr.

3. mgr. 28. gr. falli brott.

8. gr.

29. gr. orðist svo:

Skipa skal þann umsækjanda í embættið sem hlotið hefur flest greidd atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti. Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og telst hann kjörinn hljóti hann meirihluta greiddra atkvæða.

9. gr.

30. gr. falli brott.

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 35. gr., 39. gr., 43. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. desember 2007.

Gjört í Reykjavík, 25. október 2007.

Pétur Kr. Hafstein,
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir
þingskrifari^{cc}

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 25. október 2007.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, forseti kirkjuráðs.